

Skólaráðsfundur

6. mars 2018 kl. 16:15 í Gsnb í Ólafsvík

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Dagbjört Hjartardóttir, Sóley Jónsdóttir, Ingibjörg K. Kristjánsdóttir og Laufey Helga Árnadóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Skóladagatal 2018 - 2019
2. Viðbrögð við óveðri
3. GDPR, nýjar persónuverndarreglur ESB
4. Skólaláping
5. Starfsmannahandbók
6. Viðhalds- og búnaðaráætlun
7. Önnur mál

1. Skóladagatal 2018 - 2019

- ▶ 180 nemendadagar + 13 skipulagsdagar
- ▶ Ykkar skoðun:
 - ▶ Setning – slit
 - ▶ Foreldrasamtalsdagar
 - ▶ Skipulagsdagar? Tímasetningar
 - ▶ Vetrarfrí - lengd, hvenær og hvort?

Lagt fram grunnskjal frá Samtökum sveitarfélaga.

Skipulagsdagar – fyrirtæki í bæjarfélaginu hafa óskað eftir að þeir dagar væru settir annaðhvort á mánudaga eða föstudaga.

Fram kom að það væri betra ef páskafrí og jólafrí væru merkt sérstaklega inn á dagatalið. Einnig að vetrarfrí henti ekki öllum foreldrum og að gott væri ef íþróttafélagið kæmi á móts við foreldra með því að bjóða upp á einhvers konar afþreyingu fyrir nemendur þá daga..

2. Viðbrögð við óveðri

- ▶ Sjá: <https://www.gsnb.is/>
- ▶ Veðurspár:
 - ▶ <http://vedur.mogt.is/harbor/?action=Stations&harborid=18&stationid=1034>
 - ▶ <http://www.vedur.is/vedur/athuganir/kort/breidafjordur/#group=112&station=1924>
 - ▶ <http://www.vegagerdin.is/ferdaupplýsingar/faerd-og-vedur/vesturland-faerd-kort/>
 - ▶ <https://www.windyty.com>
 - ▶ Hef aðgang að síðu hjá Vegagerðinni

VARÚÐARVIÐMIÐ vegna vinds fyrir stór ökutæki

Viðvörðun 1 Stormviðvörðun 20 m/s. Hviður geta farið í 26 - 29 m/s.		
20 m/s	Fulllestadir flutningabílar og hóperðarbílar með mjög góða sætunýtingu og farangur.	Léttir flutningabílar með engan, lítin eða léttan farm sem og tómir eða háltómir hóperðarbílar.
Purrt / Bleyta:	Akið varlega. Hviður geta tekið verulega í bilinn.	Kannið vel aðstæður framundan því hviður geta jafnvel feykt bilnum útaf.
Hálka:	Kannið vel aðstæður framundan því hviður geta jafnvel feykt bilnum útaf. Ráðlagt að keðja bilin.	Keðja skal vörubíla. Hóperðarbílar skulu vera á góðum neglum dekkjum og þá skal keðja ef hægt er.
Viðvörðun 2 Stormviðvörðun 24 m/s. Hviður geta farið í 30 - 35 m/s.		
24 m/s	Fulllestadir flutningabílar og hóperðarbílar með mjög góða sætunýtingu og farangur.	Léttir flutningabílar með engan, lítin eða léttan farm sem og tómir eða háltómir hóperðarbílar.
Purrt / Bleyta:	Kannið vel aðstæður framundan og stöðvið og bíðið ef grunur er um að veður sé að versna eða hviður að aukast. Akið undir leyfðum hámarks hraða.	Ekki ráðlagt að halda áfram eða aka um þekktu hviðustaði. Akið undir leyfðum hámarks hraða, fylgist vel með umhverfinu (grasi, trjám, yfirborði vatna) og snúðið bilnum upp í veðrið ef vart verður hviðu og stöðvið.
Hálka:	Haldið hraða verulega niðri. Keðja skal vörubíla. Hóperðarbílar skulu vera á góðum neglum dekkjum og þá skal keðja ef hægt er.	Skilyrðislaust stöpp
Viðvörðun 3 Stormviðvörðun 28 m/s. Hviður geta farið yfir 35 m/s.		
28 m/s	Fulllestadir flutningabílar og hóperðarbílar með mjög góða sætunýtingu og farangur.	Léttir flutningabílar með engan, lítin eða léttan farm sem og tómir eða háltómir hóperðarbílar.
Purrt / Bleyta:	Skilyrðislaust stöpp	Skilyrðislaust stöpp
Hálka:	Skilyrðislaust stöpp	Skilyrðislaust stöpp

3. GDPR, nýjar persónuverndarreglur ESB

- ▶ Persónuvernd gaf út álit nr. 2015/1203 um vinnslu og öryggi persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor
- ▶ Álit Persónuverndar nær til núverandi persónuverndarlaga, en vinna nær einnig til GDPR, nýrra persónuverndarreglna ESB
- ▶ Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg eru með stýrihóp, Þórður Kristjánsson er tengiliður vegna skóla utan Reykjavíkur
- ▶ Leitað var til Marinós G. Njálssonar um ráðgjöf og aðstoð við verkið, netfang: oryggi@internet.is

Kröfur persónuverndar:

1. Ekki skal skrá viðkvæmar persónuupplýsingar í vefkerfi nema útbúið sé sérstakt umhverfi fyrir upplýsingarnar
2. Vinnslu skal hagað í samræmi við lög og reglur um persónuvernd
3. Setja skal reglur um hvenær megi skrá upplýsingar um nemendur
4. Útbúa skal öryggiskerfi, framkvæma áhættumat, innleiða öryggisráðstafanir og vera með innra eftirlit
5. Vinnslusamningur skal vera milli skóla og vinnsluaðila

Öryggisráðstafanir nái m.a. til

1. Undirrita skal þagnarskylduyfirlýsingu
2. Veita skal starfsmönnum fræðslu

3. Breyta skal aðgangsorðum við fyrstu innskráningu
4. Innleiða skal öryggisráðstafanir vegna fjaraðgangs starfsmanna
5. Setja verklagsreglur um skráningu upplýsinga í vefkerfi

En þetta er flóknara:

- ▶ Uppfylla þarf ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
- ▶ Uppfylla þarf ákvæði reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga
- ▶ Uppfylla þarf ákvæði GDPR (General Data Protection Regulation) en þær taka gildi innan ESB 25. maí 2018
- ▶ GDPR er 99 greinar, en ríflega 50 snúa á einn eða annan hátt að skólunum.

Vinnan framundan:

- ▶ Skólarnir fá send drög að öryggisstefnu
- ▶ Skólarnir þurfa að framkvæma áhættumat (sjálfsmat)
- ▶ Ráðgjafi útbýr skýrslu með niðurstöðum áhættumatsins
- ▶ Skólarnir fá reglubók, þar sem brugðist er við kröfum um persónuvernd (í einhverjum tilfellum aðlöguð að einstökum skólum)
- ▶ Ráðgjafi útbýr verklagsreglur og skólarnir velja þær sem þurfa að nota og aðlaga að sínum þörfum

4. Skólalaping

1. Hverjir eru styrkleikar skólans og hvað er brýnast að bæta í skólastarfinu?
2. Hver eru helstu sóknarfæri skólans? Hvaða þætti náms og kennslu má helst bæta?
3. Hvað finnst þér að ætti að einkenna skólabrag og skólamenningu skólans?
4. Hvað geta foreldrar gert til að styðja við rskólann, nemendahópinn í heild sinni og nám og vellíðan síns barns?
5. Hvernig eflum við samskipti og byggjum upp traust milli skólans (sem stofnunar) og foreldra? Milli kennara og foreldra? Hvert er hlutverk foreldra í því að byggja upp traust í samskiptum? En skólans – og kennaranna?
6. Framtíðarsýn og sérstaða skólans? Fyrir hvað á skólinn að standa? Hver gætu verið einkunnarorð skólans til framtíðar? (Hvaða eiginleikum eiga nemendur hans að búa yfir að lokinni skólagöngu?)
Fulltrúar nemenda, foreldra og starfsfólks eigi samtal varðandi efnið og verði þingið haldið í september/október.

5. Starfsmannahandbók

Þessari starfsmannahandbók er ætlað að nýtast starfsmönnum til leiðsagnar og upplýsingar um ýmislegt er varðar starfsumhverfi þeirra, réttindi, skyldur, áherslur skólans og samþykktir Snæfellsbæjar. Hlutverk hennar er að vera einskonar leiðarvísir um flókið ferli sem starfsemi skóla er. Hér eru ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir starfsfólk sem þeir sem lengi hafa starfað telja svo sjálfsagðar að um þær þurfi ekki að ræða, "þetta vita nú allir". Hins vegar kennir reynslan að svo er alls ekki. Uppbygging handbókarinnar er þannig að auðvelt er að breyta og bæta við upplýsingum og mun hún vonandi vaxa og dafna. Sýnishorn ýmissa eyðublaða er nota þarf innan skólans er hér að finna en þau má fá hjá skólaritara. Það er von mín að þessi handbók svari ýmsum spurningum og ekki síður veki upp aðrar.

https://sites.google.com/s/1vbA9jbbHg7tBefgvRwHJ_nwyFA9c3zvK/p/12xuinAk9AmEZaKSdTDNpNAA4VzkrhEiP/edit



6. Viðhalds- og búnaðaráætlun

- ▶ <https://docs.google.com/spreadsheets/d/1zj3Uc2eEFYToe8aOAYI1PL0i6B1wTZ14giEpK6usF6U/edit#gid=0>
- ▶ Hvað finnst ykkur mest aðkallandi?

7. Önnur mál

Foreldrafulltrúar bentu á að æskilegt væri að umsjónarkennarar sætu Olweusarfundina sem ætlaðir eru foreldrum.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 16:57

Elfa E. Ármannsdóttir,
fundarritari